

Costco röðin

Pétur Jónsson

🐦 @senordonpedro

2017-05-22

- 11:37** Frekar napurt hérna í Garðabænum, en fólk ber sig vel. Flestir með gott nesti og kaffi á brúsa. Það má fara inn og pissa. #röðin
- 11:38** Gaurinn sem er fremstur kom í gær. Hann ætlar að fá sér sjónvarp og grill. 'Veikur' í vinnunni í dag.
- 11:40** Fínn skliningur með að passa staðinn fyrir fólk ef það þarf að fara í IKEA og borða smá. Lítið rifist hérna og fólk bara hresst.
- 11:46** Starfsfólk Costco er mjög næs við okkur. Það er hægt að hlaða síma í stóru fjöltengi í anddyrinu. Einn kom með kassa af skrátnu snakki.
- 11:48** Það eru þínu að kvisast út verðupplýsingar. Byssuskápasalar á Íslandi geta bara pakkað og farið heim. Þetta er búið.
- 11:50** Við erum með einn hérna sem segist léttilega geta ekið um með 3 kerrur í einu inni í búðinni. Var í íþróttum. Spannandi að sjá.
- 12:03** Magnað hvað raðir tengja fólk. Valgeir, sem fótbrotnaði í ELKO röð einu sinni er hérna. LíkaSólveig úr Dunkin röðinni. Toppfólk.
- 12:04** Valgeir haltrar enn smá og Sólveig er orðin vegan og má ekki borða kleinuhringi lengur út af áunninni sykursýki, en þetta er toppfólk.
- 12:08** Bara einn að drekka bjór hérna. Ekkert mikið heldur, bara sopa af og til.
- 12:09** Man þegar trúbadorinn kom í Dunkin röðina. Hann var nú bara heppinn að halda lífi.
- 12:11** Björgunarsveitarfólkið með einhverja æfingu. Sennilega ekki búið að segja þeim hvar ódýrustu flugeldarnir munu fást þetta árið.
- 12:12** Svólítið öðruvísi stemming af því að það eru ekki opnunartilboð. En við erum hérna til að upplifa sögulegan viðburð. Ekki bara til að græða.
- 12:13** Og fá okkur fötur af Giant Cheetos á undan hinum.

- 12:21** Þínu fyndið að allt sem við þyrftum til að líða betur í röðinni fæst inni í búðinni. So close, so far away.
- 12:27** Það var maður hérna að kaupa bensín sem kom alla leið frá Akranesi. Vel gert.
- 12:35** Fyrsta uppgjöfin. Sólveig er farin. Magapest. Skil hana vel. Alls ekki staðurinn fyrir það. Hún hélt smá peppræðu fyrir okkur hin.
- 12:36** Komið nóg af þessu okri, sagði hún. Og að við værum frumkvöðlar og gætum verið stolt af því. Táraðist ekki, en þetta var alveg móment samt.
- 12:38** Hún var svolítið dugleg að borða skrýtna snakkið. Ég vil ekki kenna því um, en það hefur örugglega ekki hjálpað neitt.
- 12:39** Við ákváðum að halda plássinu hennar Sólveigar. Hafa það tómmt ef hún kemur ekki aftur. Svona táknrænt. Svona getur samhugurinn verið fínn.
- 12:41** Ókei, snakkið var ekki vegan. Það útskýrir þetta allt.
- 12:45** Kona í gervipels að reyna að ryðjast aftast í röðinni. Það er alltaf ein svoleiðis. Hún kemst ekki upp með neitt. Harka.
- 12:48** Byrjendur halda alltaf að þeir geti púllað einhver trikk. Oft ókurteis fólk sem ber ekki virðingu fyrir menningunni sem fylgir þessu.
- 12:51** Það er yfirleitt fólk sem við sjáum ekki næst þegar það er góð röð. One hit wonders.
- 12:52** Það komu 2 gaurar á Bónus bíl hérna með svona litlar handtölvur. Þeir fengu ekki að fara inn, var sagt að koma þegar það væri búið að opna.
- 12:55** Annar þeirra nötraði bara af reiði. Hinn virkaði frekar afslappaður. Reiði kallinn var að keyra bílinn og réði greinilega öllu.
- 12:57** Enginn hérna úr Twiterfam so far. Þið hóíð þegar þið komið, ég er sautjándi í röðinni. Gul permaloft úlpa.
- 12:58** Fleiri verð komin: 24 brúnegg undir þúsundkalli. Held samt að fæstir hérna séu komnir til að kaupa egg, ef ég á að vera hreinskilinn.
- 13:03** Fáum að fara á WiFiið þeirra, en 4G er hraðara hérna. Egill (3 í röðinni) er með lykilordið fyrir þá sem þurfa.
- 13:06** Oj. Gaurinn sem var fyrir aftan Sólveigu í röðinni var að gubba. Ef þetta var eitthvað smitandi, gæti þetta orðið lengri nótt en ég vonaði.
- 13:10** Hann segir að allt sé í góðu lagi samt. Þínu fötur. Er ekki viss um að hann haldi þetta út samt.
- 13:14** Þetta er alveg erfitt þótt maður sé heilsuhraustur og í fínu formi.
- 13:18** Ein nýjung, það er asískur ferðamaður hérna. Talar litla ensku, en er mjög vinalegur. Vonandi skilur hann samt hvar hann er og af hverju.
- 13:19** Hann er allavega mjög vel búinn.

- 13:35** | Einhver mjög æstur gaur öskrar yfir röðina að öll raftækin noti 120v og séu bara fyrir amerískan markað og að þau muni springa.
- 13:37** | Hahahaha, hann keyrði í burt á merktum @Macland bíl. Koma ómerktur næst. Ekki það að neinn hafi stressast hérna.
- 13:52** | Iðnaðarmennirnir á svæðinu eru lítið til í spjall. Þeysast bara um og virðast frekar pirraðir á okkur þegar við erum þínu fyrir þeim.
- 13:56** | Gaurinn sem er að drekka bjór er fámáll. Kom víst mjög snemma. Enn ekkert klósettbreik, þrátt fyrir að hafa sullað svona lengi. Fagmaður.
- 14:02** | BOOOM. Minna en 19 tímar eftir. Tíminn líður hratt í góðum félagsskap.
- 14:09** | Einn sem ég þekki ekki hérna brotnaði niður, fattaði að meðlimakortið hans er á Húsavík, þar sem hann býr. Einn. Er að æpa í símann núna.
- 14:12** | Heyrði ekki nógu vel, en held að mamma hans ætli að brjótast inn til hans og renna suður með kortið. Hann fékk nokkur góð knús úr röðinni.
- 14:15** | Það er ekki gott fyrir svona raðir ef einhver er of æstur eða líður áberandi illa. Eyðileggur alla stemmningu.
- 14:22** | Talandi um að eyðileggja stemmningu. Vottarnir komnir. Ein horfði óvart í augun á þeim og þarf núna að hlusta á þá lesa upp úr Varðturninum.
- 14:23** | Það þarf að vera kurteis en ákveðinn við þá. Eina sem dugir. Ef þeir finna veikleika zooma þeir inn.
- 14:25** | Þínu misskilningur að við sem viljum bara fá bestu tilboðin séum eitthvað endilega mjög trúuð frekar en aðrir.
- 14:27** | #fangnandi <https://t.co/PMCAEDA9Y0>
- 14:34** | Það eru að minnsta kosti 2 hérna í röðinni sem ætla ekki að kaupa neitt, bara skoða. Misskilningur að allir séu hérna bara til að græða.
- 14:51** | Valgeir segir að ef hann kaupir 2 sjónvörp og grillið sem hann langar í, geti hann farið til Tene fyrir mismuninn. Munar um minna.
- 14:53** | Hann kann líka bæklinginn alveg utan að, og getur þulið upp öll vörumerkin og lógóin á síðunum með réttum númerum.
- 14:54** | Hann ber samt Kirkland vitlaust fram, á að vera körk, ekki kirk.
- 15:02** | Grunar að hann sé á einhverju svona rófi. En þú finnur ekki vinalegri gaur. Fimmta röðin mín nálægt honum, manni þykir orðið vænt um hann.
- 15:03** | Stundum finnst mér eins og fólk sem ég kynnist í röðum sé einlægara og minna að þykjast heldur en annað fólk. Allavega flestir.
- 15:16** | Allavega. Það er að bætast smá í röðina. Fólk sem hefur kannski hætt þínu fyrr eða er í skóla farið að láta sjá sig.
- 15:25** | Það er orðið svolítið kalt.

- 15:32** Birgir, sem er endurskoðandi, er að dreifa A3 ljósritum af skipulagi búðarinnar, sem við getum merkt fljótustu leiðirnar að deildunum inn á.
- 15:34** Hann er með tvö úr og í svona hermannagalla. Greinilega einhver draumur að rætast hjá honum. Talar samt mjög lágt og eiginlega smá óskýrt.
- 15:34** Held að hann sé miklu feimnari en hann lætur líta út fyrir.
- 15:35** En það er mikilvægt að skipuleggja. Þekki einn sem var viðstaddur mikið minni opnun í Wales sem festist í grænmetisdeildinni eins og fiffl.
- 15:40** Held að gaurinn með bjórin sé sofnaður, eða rosa góður að hugleiða.
- 15:42** Núna þegar ég hugsa um það, þá er ég ekki alveg viss um hvað ég ætla að kaupa. Mig langaði kannski meira bara að vera með í spennunni.
- 15:43** Á gott grill og nýlegt sjónvarp. Og þarf ekki dekk. En það er örugglega hellingur af dóti inni sem mig langar í. Þarf bara að detta í flæði.
- 15:47** Allt svona minnisvarðar um góðar raðir. Grill úr Bauhaus, tilboðssjónvarp úr ELKO. Þarf að kaupa eitthvað eftirminnilegt.
- 15:50** Það er stelpa fyrir aftan mig sem horfir í augun á mér í hvert skipti sem ég lít aftur og brosir til mín. Þekki hana samt ekki.
- 15:54** Ókei, gaurinn sem gubbaði áðan er núna að ofanda rosa mikið. Ég held að hann sé fárveikur. Búinn að hringja í 112 í laumi.
- 15:56** Ef hann verður tekinn úr röðinni og fattar að það er út af mér fæ ég að finna fyrir því. En heilsan er mikilvægari, mér líst ekkert á þetta.
- 15:57** Battery: 57%
- 16:18** Smá drama hérna, brb.
- 16:27** Ókei, það er allt í lagi með veika manninn, hann fékk súrefni og fær að vera áfram í röðinni eftir smá rifrildi við sjúkraflutningamennina.
- 16:28** En þegar þeir komu á svæðið kom lögreglumaður með þeim. Birgir endurskoðandi fríkaði gjörsamlega út þegar hann sá lögguna. Fór að öskra.
- 16:30** Svo reyndi hann að bíta greyið lögguna í höndina, æpandi eitthvað um valdníðslu og kúgun. Honum tókst það samt ekki.
- 16:31** Valgeir náði að yfirbuga hann saman og róa hann alveg niður. Hann er ótrúlegur, bara eins og einhversskonar endurskoðandahvíslari.
- 16:33** Svo gáfum við honum smá svona hollustute og kruður, og nú er hann sallarólegur og búinn að biðja lögguna innilega afsökunar.
- 16:34** Það er þögn í allri röðinni núna. Ekkert skvaldur. Bara kyrrð og spennu-fall. Birgir smá kjökrandi, en virðist samt líða mikið betur.
- 16:43** Björkallinn vaknaði reyndar og er að raula þjóðsönginn í hálfum hljóðum. Hef heyrt betri flutning.

- 16:47** Ókei, nú blikkaði stelpa mig og sleikti út um. Samt ekkert svona á sexý hátt, held að hún hafi bara verið að ná í sultardropa.
- 17:00** Björkallinn er farinn að syngja Ferðalok hástöfum. Ef augnarád gætu drepit myndi hann springa kröftuglega í tætlur, öðrum til viðvörunar.
- 17:05** 15 tímar og 55 mínútur eftir. Tíminn er samt aðeins farinn að hægja á sér, en það er hugur í fólki, og sífellt bætist í röðina.
- 17:06** Raðir eru held ég skýrasta dæmið um að tíminn er afstæður. Stundum fer hann mjög hratt yfir, stundum hreyfist hann varla. Magnað.
- 17:10** Svólítið eins og þegar fólkið þarna söng stjórnarskrána. Þá hreyfðist tíminn bara alls ekki neitt. Man hvað sá dagur var langur.
- 17:10** Valgeir kom með harðfisk fyrir alla. Klassískur Valgeir.
- 17:24** Margir eru að spyrja hvaða ráð maður geti gefið byrjendum. Sumt er mjög einfalt. Eins og þægilegir skór og hlý föt. Víð nærföt.
- 17:25** Nestið þarf að vera orkuríkt, og maður má ekki drekka of mikið, því þá er maður stöðugt að fara úr röðinni fyrir klósettpásur.
- 17:25** En þeir sem hafa gert þetta oft, vita að það sem skiptir mestu máli að taka með sér er góða skapið og vinarþelið í röðina. Ekki frekjuna.
- 17:25** Að kunna að láta sér þykja vænt um annað fólk, og ekki dæma það of hart. Við erum öll á sama báti einhvernvegin. Og allir að díla við sitt.
- 17:26** Þannig eru raðir eiginlega pínulítið eins og lífið sjálft, ef ég má vera smá heimspekilegur. Og kannski þínu væminn.
- 17:26** Ég held að Valgeir sé að hafa þessi áhrif á mig. Hann er svo yfirvegaður og ljúfur. Þínu eins og eldri Alfred í Kattholti. Dæmir engan.
- 17:27** Ókei, nú fríkaði asíski túristinn út við einhvern á Skype og strunsaði í burtu. Held að hann hafi átt að vera einhversstaðar annarsstaðar.
- 17:51** Þegar ég hugsa um það, þá er þessi röð eiginlega meira svona heidursvörður en eiginleg röð.
- 18:02** GÓÐAR FRÉTTIR! SÓLVEIG ER KOMIN AFTUR! Knús á línuna. Auðvitað fékk hún að fara aftur á sinn stað í röðinni.
- 18:03** Hún segir að það hafi verið dýrafitur í snakkinu. Hún ætlar aldrei að borða snakk aftur.
- 18:11** Hún er að bjóða öllum vegan kleinur. Þær eru mjög þurrar og bragðast eins og ryk, en ég tygg af ákafa, glaður yfir að hún sé komin aftur.
- 18:20** Ungt par sem kom hérna bara rétt áðan er í fullum skrúfusleik. Ef þau halda áfram svona verða þetta fyrstu mökin í röð, sem ég man eftir.
- 18:22** Vottarnir eru komnir til þeirra. Held ekki að Varðturninn vinni þessa baráttu um athygli.
- 18:31** Það er maður hérna í röðinni sem lítur NÁKVÆMLEGA út eins og Guðni forseti.

- 18:36** Það er skrýtin spákona hérna sem gengur á milli fólks og spáir fyrir því óumbeðin. Samkvæmt henni erum við öll að fara að fá toxoplasma.
- 18:39** Birgir segir að hún sé engin helvítis spákona, hún hafi boðið sig fram á móti honum í prófkjöri fyrir Framsóknarflokkinn. Og unnið hann.
- 18:43** Sólveig svaraði henni fullum hálsi og sagðist ekki geta fengið toxoplasma því hún sé vegan. Ég er ekki viss um að það sé rétt.
- 19:46** Það blæs svolítið mikið á okkur. Tveir viðvaningar ætluðu að kveikja varðeld. Bentum þeim á að við værum í raun ofan á bensínstöð.
- 19:47** Eitthvað af fólki að gefast upp núna. Ég dæmi ekki. Það þarf hugrekki til að gera þetta, og stundum vill röðin mann ekki.
- 19:51** Er enn ekki búinn að ákveða hvað mig vantar, og hvort mig langi í stóra pakkningu af því. Þetta kemur. Tæma hugann og leyfa þessu að koma.
- 19:57** Stelpan sem er alltaf að blikka mig heitir Bárá. Hún er með mjög fallett bros, og er alveg svakalega smámælt. Kynnti sig og gaf mér tyggjó.
- 19:58** Við nánari athugun held ég að hún sé ekkert endilega að blikka mig. Held hún sé með sterkan kæk. Mjög elskuleg samt. Á kött sem hún saknar.
- 19:59** Valgeir bað um orðið. Skálaði fyrir föllnum félagá. Hrund gamla fór í sína síðustu röð þegar Krispy opnaði. Var númer sex þar. Góð röð.
- 19:59** Hún lést víst í einhverskonar garðyrkjuslysi. Við skálum fyrir henni. Held að Sólveig hafi felld tár.
- 20:00** Nýliðarnir flissa yfir þessu. Þeir upplifa sig ekki enn sem hluta af bræðra og systralagi. Það kemur. Fólk lærir.
- 20:00** Fólk notar oft kaldhæðni sem vopn þangað til að það lærir að lesa annað fólk vel. Þá gagnast hún ekki lengur.
- 20:01** Ég er búinn að uppgötva af hverju bjórkallinn fer aldrei á klósettið, og nú bið ég fyrir hagstæðri vindátt.
- 20:09** Sólveig hefur áhyggjur af sóun. Hún vonar að fólk sé ekki að fara að hamstra fyrir kjarnorkuvetur til þess eins að henda svo öllu.
- 20:10** Hún er sjálf hér til að kaupa trampólín og keðjusög. Mér finnst þetta smá skrýtin blanda, en segi ekkert. Ekki mitt mál.
- 20:10** Ég held aftur á móti að þeir sem eru duglegastir að spara í innkaupum séu yfirleitt hagsýnir og eigi frystikistur og svoleiðis.
- 20:10** Og það er ekki eins og klósettpappír renni út á tíma. Eða garðslöngur. Eða risapakningar af sveskjum og kanilnammi.
- 20:12** Sólveig er að tyggja harðfisk frá Valgeiri. Er ekki viss um að hún sé með á hreinu nákvæmlega hvað orðið vegan þýðir. En hún er það samt.
- 20:14** Það var bara tvennt sem kom til greina. Unga parið er hætt saman. Hann fór. Hún er áfram í röðinni. Svólítið grimm á svipinn.

- 20:26** Mikið af fólki að rúnta framhjá og horfa á okkur. Sá gaur sem ég kynntist í Dunkin röðinni. Hann hefur ekki komist núna. Löngunarsvipur.
- 20:27** Það þýðir lítið fyrir þá sem eru í þessu af einhverju viti, að koma núna. Það man enginn eftir gurnum sem var númer 139 í röðinni.
- 20:32** Dofinn í löppunum. Það sem virkar best við því er smá dansspor sem líkist fugladansinum óþægilega mikið. Verður að hafa það. Heilsan fyrst.
- 20:36** Valgeir er dottinn í það sem hann kallar 'zenið sitt'. Fyrst þegar ég sá hann gera það, hélt ég að hann væri dáinn.
- 20:37** Augun verða alveg hvít, og hann hættir að anda. Var 2 mm frá því að veita honum munn við munn þegar ég var blessunarlega stoppaður af.
- 20:37** Hann segist missa heilu klukkustundirnar þegar hann gerir þetta. Ég er ekki viss um að þetta sé hollt samt.
- 20:39** Ég reyndi þetta einu sinni hjá Sýslumanninum í Kópavogi en var bara hent út og kallaður dópisti.
- 20:48** Það er mikið talað um hver verði fyrstur til að kaupa filinn. Einhverjir fóru að tala um að leggja í púkk. Mér finnst það smá heimskulegt.
- 20:49** Að eiga eitthvað risastórt með helling af misókunnugu fólki. Hver á að geyma hann? Og hvar, svo að allir geti notið?
- 20:50** Ég er núna númer 14 í röðinni.
- 20:54** Battery: 19%. Rigning. Rok.
- 20:57** Sólveig segir að Valgeir hafi einu sinni verið í Víkingasveitinni og geti drepit mann með fingurgómunum. Ég á erfitt með að ímynda mér það.
- 20:59** Númer 13. Rigningin tekur alltaf sinn toll. Kaffið mitt er kalt og bragðast eins og mold og vonbrigði.
- 21:00** Sólveig vill endilega bjóða mér í mat um helgina. Segist gera æðislegan vegan lambapotttrétt. Ég hugsa bara um keðjusög og trampolín.
- 21:08** Birgir endurskoðandi kynnir öllum flóttaleiðir út úr búðinni. Hann er orðinn mjög æstur og kominn með eldspýtu í munnvikið og svitaband.
- 21:18** Ég er kominn á það stig að ég gæfi nánast hvað sem er til að vera að drekka heitt kakó í ullarsokkum og náttfötum fyrir framan sjónvarpið.
- 21:27** Bára kom og gaf mér annað tyggjó. Hún talar ekkert mikið, og það er svolítið erfitt að horfa í augun á henni. Veit ég á að kannast við hana.
- 21:31** Unga stelpan sem var í sleik áðan, grætur. Sólveig faðmar hana og huggar. Heyri eitthvað um að hún ætli aldrei á Tinder aftur.
- 21:42** Það eru tveir búnir að spyrja mig hvað ég ætli að kaupa og þeir urðu mjög hissa þegar ég játaði að ég vissi það alls ekki.
- 21:43** Það fylgir því ákveðinn tómleiki að langa ekki í neitt. Ég er orðinn þurr í munninum, dofinn í puttunum og með einkennilegan hnút í maganum.

- 21:48** | Gaurinn sem er fremstur er orðinn svo vígreifur að hann öskraði að hann ætli líka að fá sér sundlaug. Greinilega að peppa sjálfan sig.
- 21:52** | Valgeir vaknaði með látum, súpandi hveljur. Hann lítur aftur eðlilega út fyrir utan smá slef í munnvikum og er farinn að anda eðlilega.
- 21:54** | Það fyrsta sem hann sagði við mig þegar hann kom til baka var "Farðu heim, hún vill þig ekki". Á bak við hann kinkar Sólveig kalli.
- 21:55** | Inni í mér er ég búinn að vita þetta í svólítinn tíma. Röðin vill mig ekki. Sennilega af því að mig langar ekki að kaupa neitt.
- 21:56** | 'Þetta kemur fyrir okkur öll' segir Valgeir. Og ég trúir honum, eins og alltaf þegar hann talar. Hann veit sínu viti.
- 21:57** | Við föðmumst öll. Einhverra hluta vegna er Bára líka komin til að faðma okkur. Valgeir horfir hughreystandi til mín.
- 21:58** | Maðurinn á bak við mig hlær eins og hann sé að hósta upp slímköggli. En Valgeir lítur ákveðinn á hann og hann þagnar.
- 22:02** | Birgir endurskðandi er farinn að tala út í loftið, því það nennir enginn að hlusta á hann lengur. Ég þekki manú þegar ég sé hana.
- 22:03** | Hann á ekki eftir að endast. Það er aftur á móti værd yfir Báru, og ég finn að á morgun, þegar dyr tækifæranna opnast, verður hún þar.
- 22:05** | Björkallinn verður þar líka. En ef björgunarsveitirnar vita sínu viti, fer hann ekki inn.
- 22:06** | Bára smeygði miða með símanúmerinu sínu á og enn einu tyggjóinu í höndina á mér þegar við kvöddumst. Og blikkaði mig. Held ég.
- 22:07** | Á morgun horfi ég á útsendinguna eins og þið hin. Og ef Valgeir bregst mér ekki, verður pláss númer 13 skringilega autt. Mitt.
- 22:08** | Staðurinn þar sem ég hefði verið. Fótsporið mitt í tilverunni.
- 22:10** | Og ef það er eitthvað sem ég hef lært af þessum kalda degi í Garðabæ, þá er það aðallega eitt:
- 22:12** | Að umkringja mig góðu fólki í röðinni sem lífið er, þar sem vegferðin skiptir alltaf miklu miklu meira máli en áfangastaðurinn.
- 22:13** | Takk fyrir að fylgjast að, sjáumst í næstu röð.
- 22:13** | Fokk. Það er sekt á bílnum mínum.